

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við U-beygju á Kalkofnsvegi frá norðri til norðurs á mótis við Seðlabanka Íslands.

Ákvörðun þessi tekur gildi 19. október 1988.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. september 1988.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

### um innritunar-, kennslu- og prófgjald vegna námskeiðs og prófs til að öðlast löggildingu til fasteinga- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á síðari árs helming 1988 ákveðin þessi:

Innritunargjald . . . . .	kr.	5 000,00
Kennslugjald II. námskeiðshluta . .	kr.	55 000,00
Prófgjald II. námskeiðshluta . . . .	kr.	10 000,00

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. október 1988.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*